

Ed.

455. Frumvarp til laga

[163. mál]

um jarðgöng á þjóðvegum.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Þar sem svo hagar til, að gott vegarstæði fæst ekki á þjóðvegi með öðru móti að dómi vegamálastjórnar, skal að undangenginni rannsókn og nákvæmri staðsetningu gera jarðgöng.

2. gr.

Fé til framkvæmda fæst þannig:

- a. Ef jarðgöng eru ekki yfir 35 metra að lengd, skal kostnaður greiðast af fé því, sem á fjárlögum er veitt til vegarins.
- b. Ef jarðgöng eru lengri en 35 metrar, skal kostnaður greiðast úr brúasjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jarðgangagerð á þjóðvegum er svo til ný hér á landi, aðeins áratugur síðan fyrstu og til þessa einu jarðgöngin voru gerð. Það vantar því alveg í löggjöfina ákvæði um, hvernig kostnaður af þeim skuli greiðast. Hér er stungið upp á, að með þau skuli fara eins og um algengustu torfæruna á þjóðvegum, óbrúaðar ár. Virðist í alla staði eðlilegt að fara eins að um þessa torfæru, hamra eða fjalls-eggjar, sem eru óbrúanlegar nema með því að gera jarðgöng í gegnum þær.

Þetta hefur verið athugað nokkuð og komið í ljós, að í sumum landshlutum eru engin stórfljót, sem þurft hefur eða þarf að brúa, en einmitt þar er aðkallandi að gera jarðgöng. Sums staðar er það meira að segja talin eina leiðin til þess að fá viðunandi vegi á milli byggðarlaga, sem þurfa að hafa sem bestar og öruggastar samgöngur sín á milli. Þannig hagar t. d. til á milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar og á milli Siglufjarðar og Skagafjarðar. Á þessum stöðum báðum hefur nákvæm mæling og staðsetning væntanlegra jarðganga þegar verið gerð af vegamálastjórninni. Einnig hefur komið mjög til álita að gera jarðgöng á vegi milli Hnífsdals og Bolungavíkur. Það er því orðið tímabært að ákveða, hvernig kostnaður skuli greiddur.

Vega- og brúargerðir eru sumpart greiddar með beinum framlögum úr ríkissjóði og að nokkru leyti með sérstökum skatti af benzíni. Þessi framlög haldast frá ári til árs og eru fjárhagsgrundvöllur þeirra vega- og brúaf framkvæmda, sem gerðar eru í landinu. Þau einu jarðgöng, sem enn hafa verið gerð, gegnum Arnarneshamar, voru gerð fyrir framlag til vegarins, sem þau eru á. Virðist eðlilegt, að svo verði áfram um tiltölulega stutt jarðgöng, en um lengri jarðgöng er jafneðlilegt að greiða kostnað við þau úr brúasjóði.